

Kópavogi, 20. ágúst 2020

Samræmd könnunarpróf meta stöðu nemenda og veita endurgjöf

Ágætu foreldrar/forsjáraðilar nemenda í 4. bekk.

Þann **30. september og 1. október** næstkomandi verða samræmd könnunarpróf lögð fyrir nemendur í 4. bekk. Prófað verður í íslensku þann 30. september og stærðfræði þann 1. október.

Markmið prófanna eru í aðalatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi er þeim ætlað að vera nemendum, foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda. Í annan stað eiga þau að gefa upplýsingar um grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggist á, svo bregðast megi faglega við og veita stuðning sem gerir skólagönguna árangursríka.

Mikilvægt er að hafa í huga að þetta er afmörkuð könnun í tveimur námsgreinum og aðeins ein leið af mörgum sem skólar nota til að meta nám og veita endurgjöf á frammistöðu. Námsmat í skólum er fjölbreytt og þetta er ein aðferð af mörgum til að finna út hvar við stöndum og hvert við stefnum.

Hvað er prófað?

Efni könnunarprófanna tekur mið af aðalnámskrá grunnskóla, einkum námsmarkmiðum í 2. og 3. bekk. Aðalnámskráin dregur fram meginlínur í námi en skólar hafa sveigjanleika í útfærslu auk þess sem námshraði einstakra nemenda er breytilegur. Samræmd könnunarpróf taka mið af þessu og því er efni þeirra mjög fjölbreytt. Þá er reynt að mæta talsverðum þroska- og getumun barna á þessum aldri með rúmum próftíma.

Íslenskuprófið samanstendur af tveimur námsþáttum: lesskilningi og málnotkun.

Stærðfræðiprófið samanstendur af þremur námsþáttum: reikningi og aðgerðum, rúmfræði og mælingum og tölum og talnaskilningi. Nemendur fá **heildareinkunn** fyrir hvort próf og jafnframt einkunn fyrir hvern námsþátt í prófinu. Heildareinkunnir og námsþáttaeinkunnir eru á hefðbundnum einkunnakvarða með gildi frá 1 til 10. Nemendur fá einnig **raðeinkunn** fyrir hvort próf og hvern námsþátt. Raðeinkunn tiltekur hvar nemandinn stendur miðað við allan árganginn. Nánari upplýsingar um niðurstöður má finna [hér](#). Einkunnir nemenda verða sendar til skóla í lok október og í framhaldi af því munu skólar afhenda þær nemendum.

Umsókn um stuðningsúrræði og undanþágur

Unnt er að sækja um stuðning við próftöku sem felst í upplestri og lengdum próftíma. Einnig er

hægt að sækja um undanþágu frá próftöku í sérstökum undantekningartilfellum. Skólastjóri sendir inn umsókn í samráði við nemendur og forsjáraðila. Lokafrestur til að sækja um stuðningsúrræði og undanþágu rennur út **fimmtudaginn 10. september**. Eftir þann dag verða umsóknir ekki afgreiddar.

Fyrirkomulagi próftíma hefur verið breytt og nú geta nemendur nýtt sér bæði hefðbundinn próftíma, sem er 70 mínútur, og viðbótarpróftíma, sem er 30 mínútur, eða samtals 100 mínútur. Algengast er að nemendur noti innan við 60 mínútur til að ljúka prófi en það er mjög misjafnt á milli nemenda. Ekki þarf því að sækja sérstaklega um lengri próftíma.

Þurfi nemandi að notast við upplestur á prófunum eða önnur sértæk úrræði þarf foreldri að ræða slíkt við skólann fyrir **þriðjudaginn 1. september**. Sama gildir um undanþágu frá próftöku. Skólinn hefur frest til miðnættis fimmtudaginn 10. september til að skrá stuðningsúrræði og undanþágur nemenda.

Hnökralaus framkvæmd er okkar markmið

Líkt og undanfarin ár verða prófin rafræn en framkvæmd samræmdra prófa undanfarin misseri hefur gengið vel. Samkvæmt viðhorfskönnunum að loknum prófum undanfarin haust voru yfir 90% skólastjórnenda ánægðir með framkvæmd prófanna.

Rafræn próf bjóða upp á nokkurn sveigjanleika í skipulagi prófahalds í hverjum skóla og ákveður skólastjóri nákvæmari tímasetningu fyrir lagna á prófdögum. Við framkvæmdina er stuðst við skýra ferla, gátlista og viðbragðsáætlun, þar sem meðal annars er útfært hvernig hlúð verður að nemendum sem best ef upp koma vandamál við fyrirlögn.

Foreldrar og börn geta skoðað kynningar- og æfingapróf á netinu

Foreldrar og nemendur í 4. bekk eiga kost á að þreyta [kynningarpróf](#), sem eru aðgengileg á heimasíðu Menntamálastofnunar. Með þeim geta áhugasamir kynnst prófakerfinu og æft sig á rafrænu prófi. Tilgangur kynningarprófanna er að sýna dæmi um spurningar og kynna prófakerfið en ekki að undirbúa nemendur efnislega fyrir prófin. Á heimasíðunni eru einnig ýmsar [hagnýtar upplýsingar](#) varðandi prófin, undirbúning og framkvæmd.

Ykkur og börnum ykkar er óskað velfarnaðar í skólanum.

Fyrir hönd Menntamálastofnunar,

Sverrir Óskarsson,
sviðsstjóri matssviðs.